

Einar B. Isleifsson <ebi@simnet.is>

Til : Skipulag
Frá : Einar B. Isleifsson <ebi@simnet.is>
Heiti : Kleifakór 2-4, íbúðakjarni fyrir fatlaða. Breytt deiliskipulag. - Athugasemd frá fasteignaeiganda í Kleifakór.
Málsnúmer : 1907192
Málsaðili : Félagsmálaráðuneytið
Skráð dags : 4.5.2021 21:33:05
Höfundur : Einar B. Isleifsson <ebi@simnet.is>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Kleifakór 2-4, íbúðakjarni fyrir fatlaða - forkynning.

Góðan dag,

Ég vil koma á framfæri gagnrýni á þessa deiliskipulags tillögu þar sem hún er ekki í samræmi við skipulag sem gildir um þessa íbúðargötu.

Í gildandi skipulagi er þessi gata eingöngu ætluð fyrir íbúabyggð en ekki svæði fyrir atvinnutengda starfsemi. Gagnrýni mín snýr að því að þessi tillaga passar alls ekki inn í skipulag götunnar hvað varðar húsagerð, stærð lóða og bygginga. Bílastæði eru einnig úr öllu samræmi við það sem gildir í götunni. Þessi breyting samræmist því ekki ásýnd götunnar.

Húsagerð og bílastæði:

Tillaga þessi leggur til mjög stóra byggingu sem er úr öllu samræmi við önnur hús í götunni, einnig hvað útlit varðar og stærð lóðar. Ef byggja á húsnaði á þessu svæði þarf það að vera í samræmi við önnur hús í götunni og vera í samræmi við almenna stærð húsa, lóða og byggingareita í þessari götu. Að þessu leiti er tillagan ekk ásatlanleg. Ef þarna yrðu byggð íbúðarhús í framtíðinni virðist augljóst að vegna landhæðar myndi henta að hafa þarna tvö einnar hæðar íbúðarhús á aðskildum lóðum sem eru að stærð í samræmi við aðrar lóðir í götunni. Bílastæði verða að vera í samræmi við önnur bílastæði í götunni, það er fyrir framan húsin. Það er ekki ásatlanlegt að setja niður bílastæði eins og lagt er til í tillögunni sem er eins og bílastæði við stór atvinnuhúsnaði. Svo að mínu mati er alls ekki hægt að fallast á þessa tillögu um að byggja þarna hús eins og þessi tillaga snýst um. Einnig eins og ég nefndi að ofan ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag svo ekki sé talað um ásýnd götunnar.

Starfsemi sem yrði í húsinu.

Þessi gata er á skipulagi eingöngu fyrir íbúðarhúsnaði og ekki ætluð til atvinnustarfsemi. Það hafa margoft komið fram kvartanir vegna árekstra við aðra íbúa í nágrenni, þegar búsetukjarnar fyrir andlega fatlað fólk er staðsettir inni í íbúðabyggð. Samkvæmt blaði sem fylgdi fyrri tillögunni var boðað til samráðsfundar 11. Febrúar. Á þeim fundi var spurt hvort þarna yrðu vistaðir einstaklingar með alvarlegan hegðunarvanda. Þeirri spurningu var ekki svarað nema mjög svo óljóst, svo því er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að svo geti orðið. Af fyrri reynslu af svipuðum tilfellum þá hafa komið fyrir tilfelli sem þessi; Það er ekki ásatlanlegt að mega búast við að börn í götunni gætu átt von á áreiti og líka veit ég að það eru dæmi um að veikir einstaklingar fari inn í íbúðarhús séu útidyr ólæstar sem getur verið mjög óþægileg upplifun enda brot á persónulegum mörkum. Það er því mitt mat að svona starfsemi henti ekki í Kleifakórnum.

Það er alveg ljóst að starfsemi sem þessi er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á húsnaðisverð í götunni. Svo einnig af þeim ástæðum er ekki hægt að fallast á þessa breytingu á skipulagi.

Svo ég andmæli þessum tillögum sem samræmist ekki núverandi skipulagi og ekki ásatlanlegt fyrir okkur húsnaðiseigendur í götunni.

Virðingarfyllst,

Einar B. Isleifsson

Kleifakór 14

203 Kopavogur

Iceland

e-mail: ebi@simnet.is

GSM +354-896-6005.